




Aðalskipulag Bláskógarbyggðar, Þingvallasveit 2004-2016

Byggingarreitur
Lóðarmörk
Nýr vegur

**LÖGBÝLI Í LANDI EINIHOLTS 1**

**SKIPULAGSSKILMÁLAR**

**1. LÝSING Á LANDSVÆÐI**
Landið er í landeignaskrá skráð Sandamýri 223807 og er í landi Einiholts 1 í Bláskógabyggði vestan við Einholtsveg (358) og er - 10.36 ha.
Aðkoma að svæðinu er af Einholtsvegi sem liggur milli Biskupstungnabrautar og Skeiða- og Hrunamannavegar.

**2. SKIPULAG.**

**2.1 Uppdrættir.**
Landið er kortlagt og hnitasett og uppdrættir teiknaðir eftir loftmynd.
Yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:12500 sýnir afstöðu til þjóðvegar og núverandi byggðar.
Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1000 sýnir nánari útfærslu lands, afmörkun þess byggingarreit, beitiland og skógræktarland.

**2.2 Lóðir, nýting.**
Landið verður nýtt fyrir íbúðarhús (byggingarreitur 1), aðstöðuhús fyrir dýralæknaþjónustu og gripahús (byggingarreitur 2), beitiland og fyrir skógrækt.

**2.3 Staðsetning húsa.**
Gert er ráð fyrir einu íbúðarhúsi á svæðinu ásamt aðstöðuhúsi.
Staðsetning húsa er innan byggingarreits á lóð.

**2.4 Hús, húsagerðir.**
Almennt er vísað til gildandi byggingarreglugerðar um efni og gerð húsa á svæðinu.
Að auki skulu gilda eftirfarandi ákvæði:
- Hús skulu vera einnar hæðar úr timbri, stáli eða steini. Íbúðarhús atvinnuhúsnæði og gripahús skulu hvert um sig vera undir 250m2.
- Hæðarsetning húsa skal vera í eðlilegu samræmi við landhæð og gólf sem lægst yfir jörðu.
- Litir útveggja og þaka skulu vera dökkir jarðlitir og falla vel að umhverfi.

**2.5 Vegir / stígar.**
Aðkoma að svæðinu er af Einholtsvegi (358).

**2.6 Rafmagn / vatn/ heitt vatn.**
Lóðareigandi mun sækja um lagningu rafmagns og fjarskiptalagna að og á svæðinu. Kalt vatn til notkunar á svæðinu verður tekið úr borholu innan skipulagssvæðis norðan við byggingarreit 1 (sjá staðsetningu á teikningu). Borholan er 102 m djúp og fóðruð niður á 12 m dýpi og heldungarsvæði 5m.

**2.7 Frárennsli.**
Öllu frárennsli frá salernum og eldhúsum og öðru skólpi skal veita í rotþró. Rotþró er staðsett sunnan við aðkomuveg (sjá staðsetningu á teikningu) og sitrulögn frá henni út í jarðveginn er í norður í átt að Einholtslæk.

**2.8 Sorp.**
Sorp skal losa í af sveitarfélagi.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitastjórn Bláskógarbyggðar þann ______________________

______________________

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Nafn aðalhönnuðar
kt: xxxxxx-xxxx
xxxxxxxx@ask..is

VERKEFNI
Sandamýri Biskupstungum

TEGUND TEIKNINGAR
Deiliskipulag
HEITI TEIKNINGAR
Deiliskipulagsuppdráttur

MKV. Í A1 1:1000
HANNAÐ ASK
TEIKNAÐ ASK
YFIRF. PG
DAGS. 23.05.2018

VERK NR. 1750
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR 05-01
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.